

RCS-spjall

Jibe Mobile Ltd. („Jibe Mobile“)

70 Sir John Rogerson's Quay, Dublin 2, Írlandi

<https://support.google.com/>

Uppfært 16. mars 2023

Fyrri útgáfa: [21. desember 2020](#)

Samantekt á samningi

- Þessi samantekt á samningi lýsir helstu þáttum þjónustutilboðs okkar, líkt og lög Evrópusambandsins kveða á um¹.
- Samantektinni er ætlað að hjálpa þér að gera samanburð á þjónustutilboðum.
- Þú finnur ítarlegar upplýsingar um þjónustutilboðið í öðrum skjölum.

Þjónustur

RCS-spjall býður upp á enn betri skilaboðaupplifun fyrir notendur Messages frá Google. Nettengingar er krafist til að senda skilaboð í RCS-spjalli. RCS-spjall er gefið út af Jibe Mobile af sanngjarnri færni og kostgæfni þrátt fyrir að engin lágmarksgæði á þjónustu séu tilgreind.

Verð

RCS-spjall er gjaldfrjálst og notkun þess er háð fylgni við þjónustuskilmála Jibe Mobile (tiltækir á <https://jibe.google.com/policies/terms/>) og þjónustuskilmála Google (tiltækir á <https://policies.google.com/terms>).

Tímabil, endurnýjun og uppsögn

Þú getur byrjað að nota RCS-spjall um leið og þú skráir þig. Þér ber ekki skylda til að nota RCS-spjall í ákveðinn tíma og getur hætt að nota það hvenær sem er.

Eiginleikar fyrir notendur með fötlun

Hægt er að nota RCS-spjall með skjálesara. Ítarlegri upplýsingar er að finna á <https://support.google.com/messages/answer/6105764?hl=is>.

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Þjónustudeild: Aðstoð og þjónusta við RCS-spjall er í boði á <https://support.google.com/>.

Andmæli: Þú getur hugsanlega leitað annarrar lausnar deilumála varðandi kvörtun hjá þjónustuveitanda sem er tilgreindur á <https://ec.europa.eu/consumers/odr/main/?event=main.adr.show2> eða hjá öðrum þjónustuveitanda, eins og lög í landinu þínu kveða á um. Hægt er að nálgast ítarlegri upplýsingar í þjónustuskilmálum Google.

Öryggistilvik: Jibe Mobile viðheldur ströngu sólarhringseftirliti með tilvikum til að bera kennsl á og bregðast tafarlaust við öryggis- eða persónuverndartilvikum. Jibe Mobile gefur einnig út öryggisgátlista til að auðvelda þér að hafa stjórn á netöryggi þínu.

Persónuupplýsingar: Þú þarft að gefa upp símanúmer til að skrá þig í RCS-spjall. Persónuverndarstefna Google (tiltæk á <https://policies.google.com/privacy>) veitir ítarlegri upplýsingar um persónuupplýsingar

¹ 102(3). grein tilskipunar (ESB) 2018/1972 Evrópuþingsins og ráðsins frá 11. desember 2018 sem tilgreinir lög um rafræn fjarskipti innan Evrópu (Stjtið. L 321, 17.12.2018, bls. 36).

sem Jibe Mobile safnar þegar þú notar RCS-spjall. Persónuverndarstefna Google er hvorki hluti af samningi þínum við Jibe Mobile né þessari samantekt.